

Nýjar þarfir, nýjar hugmyndir, ný búsetuúræði


Runólfur Ágústsson

Þorpið vistfélag


Þorpið Vistfélag

- Tilgangur Þorpsins er að þróa og byggja til sölu og/eða til leigu fasteignir og byggingarlausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki þar sem áhersla er lögð á hagkvæmni í byggingarkostnaði, grænar lausnir og vistvænt umhverfi þar sem fólk býr saman í sátt við umhverfi sitt.
- Hugmyndafræði Þorpsins vistfélags er sú að byggja hagkvæmar íbúðir fyrir fólk sem vill eignast þak yfir höfuðið án þess að þurfa að ráðstafa nær öllum framtíðartekjum sínum til margra áratuga í húsnæði. Við gerum hlutina öðruvísi til að ná niður byggingakostnaði á sama tíma og við bjóðum fólki að taka þátt í uppbyggingu vistvæns samfélags sem byggir á deililausnum, samvinnu fólks og samstarfi.


Aldursdreifing íbúa Reykjavíkur




Fyrstu kaupendur




40 til 60 ára




Meðal lífaldur Íslendinga 83 ár



Á næstu 10 árum verða 50+ 60+!



Á næstu 10 árum verða 50+ 60+!



Gríðarleg fjölgun 60+ fyrirséð á höfuðborgarsvæðinu

- Tæplega 7 þúsund manns eru á aldrinum 80-90 ára
- Rúmlega 15 þúsund manns eru á aldrinum 70-80 ára
- Rúmlega 21 þúsund manns eru á aldrinum 60-70 ára
- Um 30 þúsund manns eru á aldrinum 50 til 60 ára
- Öldrun þjóðarinnar og íbúa höfuðborgarsvæðisins fyrirséð
 - Fókus á vöxt í elsta hópnum og þarfir hans t.d. hvað varðar hjúkrunarheimili
 - Mikil þörf á húsnæði fyrir 60+ að skapast
 - Á næstu 10 árum bætast um þúsund manns árlega við markað fyrir íbúðir eldri borgara

Verkefnið!

Að byggja að lágmarki 5.000 íbúðir á næstu 10 árum fyrir 60+ á höfuðborgarsvæðinu...



Nýjar hugmyndir

- Kjarnasamfélagslausnir
- Aldursblönduð hús
- Grænn lífsstíll

Kjarnasamfélag

- Það verður algengara um allan heim að fólk á ákveðnu aldurskeiði velji það að búa saman í skilgreindu kjarnasamfélagi. Þetta er þekkt víða og þá er annað hvort um blandaðan hóp að ræða eða ákveðinn hópur tekur sig saman út frá t.d. sameiginlegum áhugamálum eða lífsgildum.
- Dönsku samtökin *Realdania* hafa gert ítarlegar greiningar á slíku búsetufyrirkomulagi aldraðra þar í landi. Um 8% eldri borgara í Danmörku óska þess að nýta slíka búsetukosti og mikil ánægja er á meðal þeirra sem slíks njóta:
 - 93% telja að búseta í kjarnasamfélagi hafi bætt lífsgæði sín
 - 96% íbúa eru ánægð með hvernig samfélagið er upp byggt í kringum íbúðir, félagsheimili og grænt svæði
- Gæði íbúða og gott aðgengi að verslunum og almenningsamgöngum skipta miklu máli um ánægju íbúa:
 - 92% þeirra sem búa í kjarnasamfélagi gera slíkt vegna félagslegrar nálægðar og samvista við nágranna
 - 87% segja ástæðuna vera minni hættu á einmanaleika á efri árum
 - 86% telja það skipta máli að njóta þess öryggis að fólk í kjarnasamfélögum hafi auga með hverju öðru og hjálpist að
 - Um 70% telja það kost að húsnæðið sé aðlagð að þörfum fatlaðra og að það sé minna en fyrra húsnæði viðkomandi

Hugmyndir í vinnslu


- Baba Yaga
- Regnbogahús
- Gróðurhús



Hugmyndir í vinnslu

- Listir og sköpun
- Kjarnasamfélag Reykjavíkur
- Áhugafólk um golf
- Hestafólk

...og allt annað sem getur sameinað fólk um nærsamfélag



Aldursblönduð hús og hverfi

Áhersla á félagslegan fjölbreytileika og þann möguleika að ættliðir geti keypt íbúðir saman og deilt með sér ábyrgð á barnauppeldi...

Góð reynsla úr Gufunesi

Afturhvarf til fyrri tíma með áherslu á stórfjölskylduna...



Verkefnið

- Að byggja nýtt húsnæði fyrir eldra fólk (60+) sem annar breyttum þörfum, tekur mið af nýjum viðhorfum og nýjum veruleika.
- Þorpið Vistfélag vill taka þátt í þessu samfélagslega mikilvæga verkefni. Félagið leitar nú að samstarfsaðilum og fjárfestum og biður um samtál við borgina um nálgun á verkefnið.
- Okkar markmið er að þróa og byggja 500 fjölbreytilegar íbúðir fyrir eldri hópa Reykjavíkinga á næstu 5 árum út frá samfélagslegum þörfum umhverfis og íbúa.



ÞORPIÐ

VISTFÉLAG